

Mánudaginn 10. aprilmánaðar.

Nr. 4/1905:

Sigurjón Jónsson
 gegn
 Gísla Jóhannessyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur hinn stefndi Gísli Jóhannesson, húsmadur í Reykjavík, gegn áfrýjandanum Sigurjóni kaupmanni Jónssyni samastaðar fyrir barsmíð og áverka, og var málið dæmt í nefndum rétti 12. jan. þ. á. á þá leið, að áfrýjandinn var samkvæmt 205. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 12 daga einfalt fangelsi. Svo skyldi hann og greiða stefnda í skaðabætur 60 kr. og í málskostnað 25 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. janúar þ. á., og hefir hann krafist þess að dómurinn verði úr gildi feldur og áfrýjandi annaðhvort sýknaður eða úrslit málsins látin koma undir eiði hans, en til vara, að skaðabæturnar til stefnda verði lækkaðar niður í 50 kr. 28 a. og sektarákvæðið mildað að mun. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum hjá stefnda, hvernig sem um málið fari að öðru leyti. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur að öllu leyti, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda ríflegan málskostnað fyrir yfirdómi, og að hann verði dæmdur í sekt fyrir þarflausa áfrýjun á málinu.

Það er nægilega sannað í máli þessu með eðfestum vitnisburði tveggja manna, er við voru staddir, að

áfrýjandinn sló stefnda í höfuðið 5. okt. f. á., svo að hann fékk af því töluverðan áverka; var meiðslið skoðað daginn eftir af lækni, og voru þá 3 smáar flumbrur í hársverðinum vinstra megin hver aftur af annari, en á vinstri augabrún rétt fyrir ofan brúnahárin 4 ctm. löng sprunga þvers um inn að beini. Stefndi varð að hætta vinnu 14 daga vegna áverkans og varð þann tíma af 3—4 kr. launum á dag, auk þess sem hann varð að greiða 6 kr. fyrir læknishjálp. Stefndi gaf ekkert til efni til árásarinnar á hann, en áfrýjanda þótti hann spilla fyrir sér samningum um sölu á kindum, er annar maður ætlaði að kaupa af honum, og reiddist hann stefnda fyrir það.

Áfrýjandi hefir með ofbeldisverki sínu unnið til sektar samkvæmt 202. gr. alm. hegningarlaga og er refsingin eigi of hátt ákveðin í bæjarþingsdómnum 50 kr. sekt, er renni í landssjóð, en til vara 12 daga einfalt fangelsi. Skaðabætur fyrir vinnutjón og kostnað við lækningu ber áfrýjanda og að greiða stefnda, en, eftir því sem upplýst er í málinu, ber að færa upphæð þá, er í bæjarþingsdóminum er ákveðin, niður í 54 kr. 50 a. Yfirdómurinn felst á ákvæði dómsins um málskostnað og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn með nefndri breytingu á skaðabótaupphæðinni.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Skaðabætur þær, er ákveðnar eru í hinum áfrýjanda bæjarþingsdómi, færast niður í kr. 54,50, en að

öðru leyti á dómur þessi að vera óraskaður. Svo greiði áfrýjandi og stefnda málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maímánaðar.

Nr. 20/1905:

Réttvísinn

gegn

Gustaf Adolf Gabrielsson.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, gengnum 26. nóvembermán f. á., var hinn ákærði, Gustaf Adolf Gabrielsson, dæmdur fyrir brot á 202. gr., 205. gr. og 223. gr., sbr. 46. gr. alm. hegningarlaga, í 100 kr. sekt eða til þess, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, að sæta einföldu fangelsi í 24 daga. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til landsyfirréttarins.

Það er löglega sannað í málinu, að hinn ákærði var mjög drukkin 14. ágúst f. á. og að hann þá lenti í áflogum við húsbónda sinn Þórhannes Gíslason á Dvergasteini; fór þá kona Þórhannesar til verzlunarstjóra Clausens þar á staðnum og beiddi hann að hjálpa manni sínum, er ákærði fór illa með. Clausen brá við